



Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar

Starfsáætlun Skýjaborgar 2015- 2016

Sjálfsmatsskýrsla skólaárið 2014-2015 – umbótaáætlun 2015-2016

Efnisyfirlit

Helstu niðurstöður úr sjálfsmati leikskólans	4
Barnið í brennidepli	4
Lykilpáttur 7. Stjórnun	4
Lykilpáttur 4. Stuðningur við börn og fjölskyldur þeirra.....	5
Starfsmannasamtöl	7
Mat á námi og velferð barna	7
Grænfánaverkefni	8
Símenntun	9
Mat á skólaárinu 2014-2015.....	10
Fagúttekt	10
Fjárhagsúttekt	10
Umbótaáætlun 2015-2016 byggð á sjálfsmati	11
Starfsáætlun 2015-2016	12
Starfsmannahópurinn skólaárið 2015-2016.....	12
Barnahópurinn skólaárið 2015-2016.....	12
Skóladagatal leikskóla 2015-2016	13
Starfsdagar 2015-2016	14
Sjálfsmatsáætlun fyrir skólaárið 2015-2016.....	15
Deildarnámskrá Regnbogans 2015-2016	16
Deildarnámskrá Dropans 2015-2016.....	27

Inngangur

Í starfsáætlun fyrir skólaárið 2015-2016 eru birtar niðurstöður úr sjálfsmati leikskólans fyrir skólaárið 2014-2015 og umbótaáætlun byggð á sjálfsmatinu.

Í starfsáætlun eru birtar helstu áherslur leikskólans í skólastarfinu fyrir næsta skólaár, byggðar á umbótaáætlun, barnafjölda, starfsmannahaldi og símenntunaráherslum.

Sjálfsmat 2014-2015

Mat á skólstarfi tekur mið af markmiðum og mælikvörðum sem settir eru fram í skólastefnu Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar og skólanámskrá. Árlega er sett fram matsáætlun sem tryggir mat á öllum þáttum skólstarfsins á fimm ára tímabili. Á hverju ári eru matsfundir að vori þar sem skólstarf ársins er metið í heild og einstakir þættir þess. Við mat á skólstarfi er unnið út frá matsaðferðinni Barnið í brennidepli sem er heildstætt matstæki.

Áherslur skólaársins 2014-2015 voru að meta:

- Lykilþátt 4. Stuðningur við börn og fjölskyldur þeirra, 4.1, 4.2, 4.3 og 4.4
- Lykilþátt 7. Stjórnun 7.1, 7.2, 7.3, 7.4, 7.5.

Árangursvísi 4.4 mátu deildarstjórar, sérkennari, stuðningsfulltrúar og talmeinafræðingur á vinnufundi.

Lykilþátt 7 mátu allir starfsmenn í rafrænni könnun vorið 2015.

Árlega er lagt upp með eftirfarandi matsþætti:

- Kynningarfundir fyrir foreldra að hausti.
- Foreldraviðtöl tvisvar yfir skólaárið – helstu niðurstöður teknar saman.
- Starfsmannasamtöl – helstu niðurstöður teknar saman.
- Starfsáætlun.
- Símenntunaráætlun starfsmanna.
- Gátlisti Grænfánaverkefnisins.
- Mat barna á skólstarfinu.

Annað hvert ár er lagt upp með eftirfarandi matsþætti:

- Starfsmannakönnun – Fræðslu- og skólanefnd.
- Viðhorfskönnun meðal foreldra – Fræðslu- og skólanefnd.
- Umsókn um Grænfána.

Helstu niðurstöður úr sjálfsmati leikskólans.

Barnið í brennidepli

Leikskólinn byrjaði að nota matstækið Barnið í brennidepli skólaárið 2010-2011. Skólaárið 2014-2015 var klárað að fara yfir síðustu þætti í sjálfsmatinu og hefur þá verið farið yfir alla þætti sjálfsmatsins.

Lykilþáttur 7. Stjórnun

Allir starfsmenn fengu sendan rafrænan spurningalista. Könnunin var send út á 8 starfsmenn og fengust svör frá 7.

Helstu niðurstöður úr könnuninni voru:

- Starfsfólk er flest mjög eða frekar sammála því að það taki þátt í reglubundnu sjálfsmati, almennum umræðum um vinnuna og starfsemi leikskólans.
- Starfsfólk er flest mjög eða frekar sammála því að notuð séu matsgögn til að meta allt skólastarfið og gagnkvæm tengsl milli barna og starfsfólks. Einnig að tekið sé tillit til sjónarmiða barna og foreldra.
- Starfsfólk er flest mjög sammála því að stjórnendur ábyrgðust að metnir séu allir lykilþættir, s.s. þroski og framför barnanna og námsumhverfi.
- Starfsfólk er flest frekar og mjög sammála um að stjórnendur hafi eftirlit með gæðum vinnu hvers starfsmanns, t.d. með því að ræða þróunaráætlanir, vinna með starfsfólki og fylgjast með samskiptum starfsfólks.
- Allir eru frekar eða mjög sammála því að leikskólinn eigi sér markmið og stefnu sem endurspegli lög og reglugerðir um leikskóla og Aðalnámskrá leikskóla.
- Allir eru mjög eða frekar sammála því að markmið leikskólans séu leiðbeinandi og stefnumarkandi fyrir starfsfólkið í starfi þess með börnunum. Að starfsfólk og foreldrar séu vel upplýstir um þessi markmið.
- Flestir starfsmenn eru mjög eða frekar sammála því að uppeldis- og menntastefna leikskólans sé þróuð með virkri þátttöku allra starfsmanna.
- Flestir starfsmenn eru mjög eða frekar sammála um að stjórnendur hafi til að bera faglega hæfni. Einn starfsmaður er því frekar ósammála.
- Flestir eru mjög eða frekar sammála því að stjórnendur hafi þann eiginleika að hafa skapandi og hvetjandi áhrif á aðra og móta jákvætt starfsumhverfi. Að þeir séu vel í stakk búnir til að leggja hlutlægt mat á hæfni starfsfólks og framlag hvers og eins til starfseminnar í leikskólanum. Einn var þessu frekar ósammála.
- Allir eru mjög eða frekar sammála því að stjórnendur séu í góðum tengslum við börn og foreldra og eigi auðvelt með samstarf við þá.
- Flestir eru mjög eða frekar sammála því að verkaskipting starfsfólks sé vel skilgreind með hliðsjón af þörfum leikskólans.
- Allir eru sammála því að starfsfólk uppfylli vinnuskyldu sína af kostgæfni.
- Flestir eru mjög eða frekar sammála því að starfsfólk sé hverju öðru góð fyrirmynd í öllu starfi leikskólans.

- Allir eru mjög eða frekar sammála því að starfsmenn taki leiðsögn, sýni frumkvæði og áhuga á börnum. Að þeir taki ábyrgð þegar við á og afli af sjálfsdáðun þekkingar á sviði uppeldis- og menntamála.

Til úrbóta: Mikilvægt að stjórnunarhluti skólustjóra og sviðsstjóra sé vel skilgreindur og kynntur. Starfslýsingar allra séu aðgengilegar í handbók.

Lykilþáttur 4. Stuðningur við börn og fjölskyldur þeirra.

Árangursvísar 4.1 – samræmt uppeldisstarf, 4.2 – samræmi uppeldis og menntunar og 4.3 – stuðningur í uppeldi og námi voru metnir á fundi með deildarstjórum í maí 2015.

Helstu niðurstöður voru þær að:

Árangursvísir 4.1. Samræmt uppeldisstarf

- Stjórnendur og starfsfólk hefur góðan skilning á hlutverkum sínum og bera þá ábyrgð að vernda börnin frá misnotkun, skaða og vanrækslu. Þeir eru meðvitaðir um nauðsyn þess að vera vakandi fyrir heilsu og öryggi barnanna og fá stöðuga fræðslu og ráðgjöf í barnaverndarmálum. Vel hefur verið staðið að þessu og gott samstarf verið við félagsmálastjóra. Fræðsla hefur verið á skólaárinu varðandi ferli barnaverndarmála og verður framhald á því í haust.
- Börnum eru innrættar hreinlætisvenjur frá upphafi leikskóladvalar og gildi þess að borða hollan mat. Persónulegar öryggisreglur eru fyrir börn s.s. vegna ofnæma. Byrjað er mjög snemma að passa upp á að hreinlæti sé sinnt s.s. hreinlæti fyrir og eftir matartíma og handþvott eftir salernisferðir.

Árangursvísir 4.2. Samræmi uppeldis og menntunar

- Dagskipulagið er í góðu jafnvægi. Sérstök áhersla er lögð á að börnin fái reglulega tækifæri til að vera athafnasöm og til að hvílast yfir daginn. Allir sem þurfa að sofa fá að gera það og aðrir hvílast. Góður tími gefinn fyrir hreyfingu. Hollustu matar má skoða m.t.t. fiskvara sem koma forunnar í leikskólann.
- Skólanámskrá hefur verið unnin í leikskólanum m.a. til að móta markmið með uppeldi og menntun barnanna innan leikskólans. Hún er kynnt nýju starfsfólki og reglulega rædd á fundum. Skólanámskrá hefur haft mikið vægi á síðustu árum og mikil umræða farið fram um markmið og leiðir.

Árangursvísir 4.3. Stuðningur við uppeldi og nám.

- Leikskólinn er mjög vakandi fyrir þörf á stuðningi við börn og fjölskyldur þeirra og tekur tillit til aðstæðna. Starfsfólk styður foreldra við uppeldi og nám barnanna og veitir ráðgjöf þegar við á. Opinskáar samræður fara fram milli starfsmanna og foreldra um þarfir barna.

- Áhrifaríkar aðferðir eru notaðar til að greina börn sem þurfa viðbótarstuðning í uppeldi og námi. Starfsfólk hefur skilning á því að skjót viðbrögð við erfiðleikum barna er grundvallaratriði þegar mæta á þörfum þeirra. Gott aðgengi að sérfræðipjónustu er í leikskólanum.
- Stuðningur við börn og fjölskyldur er vel skipulagður og tekur tillit til þarfa einstakra barna. Hann gefur öllum börnum kost á að taka fullan þátt í daglegum venjum og öllum þáttum skólanámskrárinnar.
- Öll börn sem þurfa á stuðningi að halda ná árangri í átt að þeim markmiðum sem sett hafa verið í einstaklingsáætlun þeirra.
- Leikskólinn nýtir sér stuðningsstofnanir sem hann hefur aðgang að.

Til úrbóta: Tryggja betri skráningu markmiða og framfara fyrir börn með sérþarfir og betra upplýsingaflæði milli starfsfólks, mikilvægt að deildarfundir séu haldnir þó það vanti fólk. Fara vel yfir matseðla m.t.t. umsóknar um heilsueflandi leikskóla.

Árangursvísir 4.4. stuðningur við börn með sérþarfir

Þessi þáttur var metinn af deildarstjórum, stuðningsfulltrúum, sérkennara og talmeinafræðing 21. maí 2015.

Helstu niðurstöður voru:

- Gripið er strax inn í mál varðandi börnin ef á þarf að halda. Góð ráðgjöf sérkennara, talmeinafræðings, iðjuþjálfara og sálfræðings. Leikskólinn duglegur að kalla til sérfræðinga ef eitthvað er.
- Mjög vel er hugsað um hvert og eitt barn og reglulega farið yfir öll börn á deildarfundum. Mikilvægt að efla skráningar fyrir hvert barn.
- Gerðar eru viðeigandi áætlanir fyrir hvert barn sem nýtur sérstuðnings en má bæta t.d. fyrir þau börn sem nýta þjónustu sérkennara og talmeinafræðings en eru ekki í sérkennslu.
- Starfsfólk er þokkalega upplýst um sérþarfir barna en má bæta með skráningum. Mikil ánægja er með ferli barnaverndarmála.
- Sviðsstjóri er vel upplýstur um sérþarfir barna í leikskólanum og er leiðandi í sérkennslumálum.
- Starfsfólk er vel upplýst um lög varðandi barnaverndarmál en má upplýsa betur um verklag vegna úthlutunar sérkennslutíma í leikskólanum.
- Skjótvirkar boðleiðir sem virka eru til að koma lagasetningum varðandi börn með sérþarfir ef á þarf að halda.

Annað sem kom fram er að starfsfólk telur mjög mikilvægt að halda inni allri sérþjónustu sem við höfum og getum leitað til.

Til úrbóta: Mikilvægt að efla skráningar fyrir öll börn og tryggja að starfsfólk fái upplýsingar um hvert barn sem snýr að sérkennslu eða einstaklingsúræðum. Vinna í samráði við deildarstjóra.

Starfsmannasamtöl

Skólastjóri og sviðsstjóri boða starfsfólk í samtöl einu sinni á ári þar sem farið er yfir starf viðkomandi starfsmanns, styrkleika og veikleika í starfi, símenntunarpfærir og óskir varðandi breytingar á eða í starfi.

Helstu niðurstöður úr starfsmannasamtölum má sjá í ársskýrslu Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar.

Næsta skólaár verður gerð tilraun til breytinga á starfsmannasamtölum þannig að starfsfólk fái þrisvar á ári tækifæri til að ræða starf sitt. Að hausti verða stuttir fundir þar sem farið er yfir starf og markmið skólans. Um mitt skólaár er farið stuttlega yfir dagleg störf einstaka starfsmanns. Síðan er hefðbundið starfsmannasamtal að vori.

Mat á námi og velferð barna

Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári og gefst foreldrum tækifæri til að koma að skipulagi skólustarfsins. Foreldrar geta einnig óskað eftir að hitta starfsfólk leikskólans utan skipulagðra foreldraviðtala. Fyrir foreldraviðtöl hafa farið fram skráningar á líðan og þroska barna í leikskólanum.

Framfarir í þroska barna eru metnar með skipulögðum hætti í gegnum alla leikskólagöngu þeirra og eru niðurstöðurnar notaðar til að bæta skipulag og aðferðafræði leikskólans. Við leikskólann starfa talmeinafræðingur og sérkennari sem aðstoða við og útfæra mat á þroska barna ef um frávík er að ræða. Dæmi um tæki til að meta þroska barna eru; Hljóm-2, íslenski þroskalistinn, íslenski smábarnalistinn, orðaskil og þroskalisti sem útbúinn hefur verið í leikskólanum til að skoða alhliða þroska barna.

Við athugun á þroska, námi og velferð barna er lögð áhersla á að skoða:

- alhliða þroska,
- sjálfstæði,
- áhugasvið,
- þátttöku í leik úti og inni,
- félagsfærni og samkennd,
- frumkvæði og sköpunarkraft,
- tjáningu og samskipti.

Þessir þættir eru lagðir til grundvallar í foreldraviðtölunum. Í foreldraviðtölum kom fram almenn ánægja foreldra með leikskólastarfið og töldu allir að barni sínu liði vel í leikskólanum. Fáar athugasemdir bárust.

Í leikskólanum á hvert barn sína ferilmöppu þar sem safnað er saman verkum, verkefnum, ljósmyndum úr starfinu, námsgögnum og því sem hægt er að nota við mat á þroska, námi og velferð. Börnin fá einnig að velja hvað þau vilja að fari í þeirra ferilmöppur. Við útskrift úr leikskóla fær hvert barn sína ferilmöppu afhenta til eignar. Börnin fá tækifæri til að leggja mat á vellíðan í leikskólanum með svokölluðu broskallamati sem framkvæmt er þegar þau hafa þroska til. Í haust var lagt fyrir broskallamat fyrir börn á eldri deildinni og benti það til almennrar vellíðunar barna í leikskólanum en fram kom að börnin mátu

velliðan síðri í skipulögðum samverustundum. Fram kom að þau væru að njóta sín í félagslegum samskiptum og leik.

Notast er við matslista á vinnubrögðum til að ýta undir tilfinninga- og félagsþroska ungra barna við skipulag skólstarfsins. Matslistanum er ætlað að koma af stað umræðu meðal starfsfólk deilda eð leikskólans í heild um vinnubrögð sem ýta undir tilfinninga- og félagsfærni barna í þeim tilgangi að kortleggja hvaða vinnubrögð þarf að bæta.

Leikskólinn á fulltrúa í nemendaverndarráði þar sem málefni einstakra barna eru rædd ef um frávik í þroska, félagslegu umhverfi eða líðan er að ræða.

Sérkennari kemur í leikskólann einu sinni í viku og hjálpar til við skimun og sinnir þeim börnum sem þurfa á sérstuðningi að halda. Mestur af þeim stuðningi snýr að málörvun einstakra barna. Sérkennari sinnir einnig ráðgjöf til starfsmanna og foreldra og er sviðsstjóra innan handar við skipulagningu sérstuðnings. Sérkennari skilar skýrslu til skólustjóra.

Talmeinafræðingur kemur í leikskólann u.þ.b. einu sinni í mánuði og sinnir greiningu, ráðgjöf, íhlutun og eftirfylgni. Nokkur börn hafa þurft á þjálfun að halda í vetur og hafa starfsmenn sinnt þjálfun undir handleiðslu talmeinafræðings utan þess tíma sem hún kemur í leikskólann. Ósk hefur komið fram um að starfsfólk fái að koma meira inn í tíma með talmeinafræðingi til að ná betri tökum á aðferðum og að upplýsingaflæði til starfsmanna um sérkennslubörn almennt sé betra til starfsmanna.

Til úrbóta: Tryggja betra upplýsingaflæði og skráningar varðandi börn sem njóta stuðnings eða sérþjónustu í leikskólanum.

Grænfánaverkefni

Leikskólinn fékk leyfi til að flagga grænfánum í þriðja skipti á degi íslenskrar náttúru þann 16. september 2014. Við afhendinguna kom fram ósk frá Landvernd um að leikskólinn og grunnskólinn myndu samstillta grænfánaafhendingu þannig að skólarnir væru með afhendingu á sama ári. Leikskólinn sendi erindi til Landverndar um hvernig þeir legðu til að samstillingin yrði framkvæmd og var lagt til að leikskólinn fengi 3 ár núna til að vinna að markmiðum grænfánans. Næsta grænfánaafhending leikskólans verður þá vorið 2017.

Í vetur var umhverfisnefnd leikskólans skipuð elsta hópi leikskólans, hópstjóra og sviðsstjóra sem fer með verkefnastjórn í grænfánaverkefninu. Haldnir voru 6 fundir eða verkefnafundir þar sem farið var yfir markmið grænfánans og verkefni skipulögð með grænfánamarkmið að leiðarljósi.

Eitt af markmiðum grænfánaverkefnis var að minnka plastpokanotkun í leikskólanum og útbúa fjölnota taupoka til að nota fyrir blaut föt og annað fyrir börnin. Leikskólinn sendi erindi til sveitarfélagsins þar sem sveitarfélagið var hvatt til að fylgja fordæmi leikskólans og stefna að því að minnka plastpokanotkun í sveitarfélaginu með því að útvega íbúum fjölnota poka. Vel var tekið í erindið og fulltrúar sveitastjórnar ásamt sveitastjóra komu í heimsókn í leikskólann til að kynna sér verkefnið. Umhverfis- skipulags- og

náttúruverndarnefnd óskaði einnig eftir því að hitta börnin og fá betri kynningu á verkefninu og segja frá því að erindi þeirra væri komið í farveg hjá sveitafélaginu.

Leikskólinn hefur einnig sett markmið um að verða Heilsueflandi leikskóli og er beðið eftir að opnað verði fyrir umsóknir hjá landlækni. Ýmis vinna hefur samt farið fram við að vinna að þessu markmiði og þá sérstaklega sem snýr að geðheilbrigði. Leikskólinn er þátttakandi í samstarfi skóla sem kalla sig Birtuskólar og eiga það sameiginlegt að vinna að útinámi og jóga í lífsleikni barna. Leikskólinn hefur farið á námskeið í útjóga og unnið að því að efla þekkingu starfsmanna á jóga með heimsóknum í jógatíma með börnum og með bókum og öðru efni.

Eitt af markmiðum leikskólans er að vinna að grenndarnámi með börnunum. Ýmis verkefni hafa verið unnin í því markmiðið. Myndir af öllum börnum og starfsfólki eru hengdar á stórt kort af Hvalfjarðarsveit þannig að börn átti sig á hvar vinir þeirra búa og hversu stórt sveitarfélagið er. Á yngri deild bjuggu börnin til líkan af húsinu sínu og settu myndir af sér við heimili sín á húsin. Allir hópar eiga leynistað eða uppáhaldsstað þar sem þau fara reglulega og leika og vinna verkefni. Staðirnir eru víðsvegar í kringum leikskólann.

Stefnt að því að fara yfir markmið og gátlista grænfánaverkefnisins á starfsdegi í haust.

Símenntun

Unnið er samkvæmt símenntunaráætlun skólans sem unnin er árlega með markmið og áherslur skólans að leiðarljósi.

Áherslur vetrarins voru á jóga, líkamsbeitingu og að efla tækifæri starfsmanna til skólaheimsókna.

- Allir starfsmenn fóru á skyndihjálparnámskeið í ágúst.
- Matráður fór á námskeið um skólaeldhús.
- Allir starfsmenn tóku þátt í að vinna að skólanámskrá Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar.
- Þrír starfsmenn sátu málþing um mat á vellíðan og námi í leikskóla.
- Tveir starfsmenn fóru í ferð til Eistlands vegna Nordplusverkefnis.
- Tveir starfsmenn fóru í ferð til Litháen vegna Nordplusverkefnis.
- Allir starfsmenn fengu kynningu á eineltisáætlun sveitarfélagsins og námskeið í meðferð barnaverndarmála.
- Tveir starfsmenn fylgdust með jógastund á leikskóla.
- Allir starfsmenn fóru á námskeið í útjóga.
- Allir starfsmenn fengu námskeið í að nota ýmis öpp í ipad sem hjálpa til við skipulag og skráningar á leikskólastarfi.
- Starfsmaður kynnti starfssemi leikskólans fyrir eldri borgurum í Hvalfjarðarsveit.
- Einn starfsmaður sat námskeið um skjalavörslu opinberra stofnana.
- Allir starfsmenn fengu námskeið í líkamsbeitingu.
- Allir starfsmenn fóru í skólaheimsóknir í 4 leikskóla/grunnskóla.
- Einn starfsmaður sat ráðstefnu um stjórnun.
- Einn starfsmaður var í grunnskólakennaranámi í vetur.

- Allir starfsmenn sátu námskeið um vellíðan á vinnustað.

Á skólaárinu fóru fram úttektir á fjármálum skólans, úttekt á fagstarfi og könnun á vellíðan starfsmanna. Starfsfólk fékk kynningu á úttektunum á starfsdegi í júní.

Áherslur í símenntun fyrir næsta skólaár eru í jóga og fylgja eftir áherslum leikskólans með kynningum á námsefni og aðferðarfræði.

Mat á skólaárinu 2014-2015

Venja er að allt starfsfólk taki þátt í mati á skólastarfi á síðasta starfsdegi skólaársins. Í ár varð að breyta út af þeirri venju til að hægt væri að koma á starfsmannafundi vegna kynninga á úttektum á leikskólanum. Sviðsstjóri og deildarstjórar unnu mat á skólaárinu á vinnufundi í maí.

Almennt hefur skólastarfið gengið mjög vel. Mikil veikindafjarvera hefur verið og sett starf úr skorðum. Mikilvægt er að halda deildarfundum reglulegum. Þarf að tryggja að ekki séu undirbúningstímar á deildarfundartíma og að undirbúningur sé þegar afleysingin er í húsi. Samstarf og samvinna hefur verið til fyrirmyndar og vel hefur verið haldið utan um allt uppbot í starfinu.

Skólasamstarfið hefur gengið vel og gott skipulag komið á það.

Á næsta skólaári er fyrir séð að nýjir starfsmenn komi í 3.5 stöðugildi og mikilvægt að hlúa að hugmynda- og aðferðafræði leikskólans.

Umbætur í starfsáætlun næsta skólaárs: Kynning á verkaskiptingu og hlutverkum allra starfsmanna. Efla okkur í skráningum og kynna vel fyrir starfsfólki. Fara vel yfir áherslur leikskólans og aðferðarfræði með starfsfólki.

Fagúttekt

Á skólaárinu fór fram fagúttekt á starfi leik- og grunnskólans. Þegar á heildina er litið fékk leikskólinn mjög góða úttekt og fáar athugasemdir gerðar við starfið. Til úrbóta var lagt til að unnið verði meira með gildi skólans vellíðan – virðing- metnaður- samvinna.

Til úrbóta: Setja af stað vinnu á næsta skólaári við að festa gildin í sessi og gera þau sýnileg í skólastarfinu.

Fjárhagsúttekt

Á skólaárinu var gerð úttekt á fjármálum skólans og komu engar athugasemdir í þá skýrslu er varða leikskólann beint, fremur athugasemdir sem hafa með verklagsreglur sveitarfélagsins að gera.

Umbótaáætlun 2015-2016 byggð á sjálfsmati

Vegna breytinga í starfsmannahaldi undanfarin ár er mikilvægt að fara vel í markmið, aðferðir og leiðir í leikskólastarfinu. Tryggja þarf að allir hafi þekkingu á því náms-, kennslu-, og leikefni sem leikskólinn leggur til grundvallar í starfi sínu. Halda áfram með íþadþjálfun og vinnu við að nýta tækin sem best í skólastarfinu.

Skipuleggja vel undirbúningstíma m.t.t. afleysinga á hvorri deild.

Klára handbók starfsmanna og starfslýsingar.

Halda vel utan um deildarstjórafundum og deildarfundum til að tryggja upplýsingaflæði og samráð.

Fara vel yfir matseðla m.t.t. umsóknar um heilsueflandi leikskóla.

Styrkur fékkst úr sprotasjóði sem nýtast á við vinnu að læsisstefnu.

Námskeið í jóga með börnum verður í haust fyrir starfsfólk. Foreldrafélag skólans mun bjóða upp á námskeið fyrir börn og er hugmynd að fá inn jógakennslu fyrir börnin.

Setja af stað vinnu við að festa gildin í sessi og gera þau sýnileg í skólastarfinu.

Halda áfram að vinna að markmiðum Grænfánaverkefnis.

Halda áfram að vinna að markmiðum Nordplusverkefnis.

Starfsáætlun 2015-2016

Starfsmannahópurinn skólaárið 2015-2016

Jón Rúnar Hilmarsson	Skólastjóri	40%
Þórdís Þórisdóttir	Sviðsstjóri	81%
Magnea Sigríður Guttormsdóttir	Deildarstjóri	100%
Ragna Björg Kristmundsdóttir	Kennari	100%
Sigurbjörg Friðriksdóttir	Kennari	71%
Berglind Sigurðardóttir	Stuðningsfulltrúi	100%
Unnur Tedda Þorgrímsdóttir	Leiðbeinandi	100%
Guðrún Magnúsdóttir	Leiðbeinandi	75%
Snædís Hallgrímsdóttir	Leiðbeinandi	100%
Guðný Birna Ólafsdóttir	Leiðbeinandi	100%
Hjalta Sigríður Júlíusdóttir	Matráður	100%

Óráðið er í 0.8 stöðugildi leikskólakennara og 1 stöðugildi deildarstjóra.

Barnahópurinn skólaárið 2015-2016

Börn fædd árið 2010	7
Börn fædd árið 2011	8
Börn fædd árið 2012	8
Börn fædd árið 2013	8
Börn fædd árið 2014	9
Alls	40

Skóladagatal leikskóla 2015-2016

Samband íslenskra sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2015 - 2016

Nafn leikskóla:

Skýlaborg

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MÁJ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 L	1 Þ	1 F	1 S	1 Þ	1 F	1 M	1 Þ	1 F	1 S	1 M	1 F
2 S	2 M	2 F	2 M	2 M	2 L	2 Þ	2 M	2 L	2 M	2 F	2 L
3 M	3 F	3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 S
4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 F	4 M	4 F	4 F	4 M	4 M	4 L	4 M
5 M	5 L	5 M	5 F	5 L	5 Þ	5 F	5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 Þ
6 F	6 S	6 Þ	6 F	6 S	6 M	6 L	6 S	6 M	6 F	6 M	6 M
7 F	7 M	7 M	7 L	7 M	7 F	7 S	7 M	7 F	7 L	7 Þ	7 F
8 L	8 Þ	8 F	8 S	8 Þ	8 F	8 M	8 Þ	8 F	8 S	8 M	8 F
9 S	9 M	9 F	9 M	9 M	9 L	9 Þ	9 M	9 L	9 M	9 F	9 L
10 M	10 F	10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 F	10 S	10 Þ	10 F	10 S
11 Þ	11 F	11 S	11 M	11 F	11 M	11 F	11 F	11 M	11 M	11 L	11 M
12 L	12 L	12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 Þ
13 F	13 S	13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 L	13 S	13 M	13 F	13 M	13 M
14 F	14 M	14 M	14 L	14 M	14 F	14 S	14 M	14 F	14 L	14 Þ	14 F
15 L	15 Þ	15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 M	15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 F
16 S	16 M	16 F	16 M	16 M	16 L	16 Þ	16 M	16 L	16 M	16 F	16 L
17 M	17 F	17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 F	17 S	17 Þ	17 F	17 S
18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 F	18 M	18 F	18 F	18 M	18 M	18 L	18 M
19 M	19 L	19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 Þ
20 F	20 S	20 Þ	20 F	20 S	20 M	20 L	20 S	20 M	20 F	20 M	20 M
21 F	21 M	21 M	21 L	21 M	21 F	21 S	21 M	21 F	21 L	21 Þ	21 F
22 L	22 Þ	22 F	22 S	22 Þ	22 F	22 M	22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 F
23 S	23 M	23 F	23 M	23 M	23 L	23 Þ	23 M	23 L	23 M	23 F	23 L
24 M	24 F	24 L	24 Þ	24 F	24 S	24 M	24 F	24 S	24 Þ	24 F	24 S
25 Þ	25 F	25 S	25 M	25 F	25 M	25 F	25 F	25 M	25 M	25 L	25 M
26 M	26 L	26 M	26 F	26 L	26 Þ	26 F	26 L	26 Þ	26 F	26 S	26 Þ
27 F	27 S	27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 L	27 S	27 M	27 F	27 M	27 M
28 F	28 M	28 M	28 L	28 M	28 F	28 S	28 M	28 F	28 L	28 Þ	28 F
29 L	29 Þ	29 F	29 S	29 Þ	29 F	29 M	29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 F
30 S	30 M	30 F	30 M	30 M	30 L	30 M	30 M	30 L	30 M	30 F	30 L
31 M	31 L	31 L	31 F	31 F	31 S	31 M	31 F	31 M	31 Þ	31 F	31 S

Starfsdagar 2015-2016

Starfsdagar skólaársins 2015 – 2016 verða sex talsins. Fimm heilir og tveir hálfir.

Óskað hefur verið eftir auka starfsdegi fyrir leikskólann til að vinna að samstarfi leik- og grunnskólann.

Starfsdagur 17. ágúst 2015: Sameiginlegur starfsdagur leik- og grunnskóla. Námskeið í barnavernd og markþjálfun. Starfsmannaferð.

Starfsdagur 21. september 2015: Starfsmannafundur, hugmyndafræði, aðferðarfræði, náms- og kennslugögn. Undirbúningur fyrir kynningarviku leikskólans.

Starfsdagur 16. október 2015: Námskeið í Jóga með börnum. Starfsmannafundur. Undirbúningur fyrir foreldraviðtöl.

Starfsdagur 4. janúar 2016: Starfsmannafundur, skipulagning vorannar, hugmyndafræði, aðferðarfræði, iPad.

Starfsdagur 18. mars 2016 ½ dagur: Starfsmannafundur, mat á skólastarfi, undirbúningur fyrir foreldraviðtöl.

Starfsdagur 29. apríl 2016 ½ dagur: Starfsmannafundur, mat á skólastarfi.

Starfsdagur í lok maí eða byrjun júní 2016: Stóri leikskóladagurinn.

Sjálfsmatsáætlun fyrir skólaárið 2015-2016

Á skólaárinu var klárað að fara yfir síðustu þætti í mati á skólastarfi samkvæmt matstækinu „Barnið í brennidepli“. Í haust verða ákveðnar breytingar í starfsmannahaldinu og verða áherslur vetrarins á að styrkja starfshætti, hugmyndafræði og aðferðir í sessi í leikskólanum skv. skólanámskrá.

Áherslur í sjálfsmati taka mið af þessu og verður á skólaárinu farið í að meta eftirfarandi þætti:

Lykilþáttur 1: Námskrá

Árangursvísir 1.1. Uppbygging námskrár

Árangursvísir 1.2. Gæði áætlana

Árangursvísir 1.3. Gæði dagskipulags

Lykilþáttur 2: Þroski og framfarir barnanna

Árangursvísir 2.1. Framfarir barnanna í þroska og námi

Lykilþáttur 3: Nám í gegnum leikinn

Árangursvísir 3.1. Gæði náms í gegnum leikinn

Árangursvísir 3.2. Samskipti barna og starfsfólks

Árangursvísir 3.3. Að mæta þörfum barnanna

Árangursvísir 3.4. Mat og gagnasöfnun

Stefnt að því að allt starfsfólk taki þátt í mati á leikskólastarfi á starfsmannafundum eða deildarfundum eftir því sem við á.

Árlega er lagt upp með eftirfarandi matsþætti:

- Kynningarfundir fyrir foreldra að hausti.
- Foreldraviðtöl tvisvar yfir skólaárið – helstu niðurstöður teknar saman.
- Starfsmannasamtöl – helstu niðurstöður teknar saman.
- Starfsáætlun.
- Símenntunaráætlun starfsmanna.
- Gátlisti Grænfánaverkefnisins.
- Mat barna á skólastarfinu.

Annað hvert ár er lagt upp með eftirfarandi matsþætti:

- Starfsmannakönnun – Fræðslu- og skólanefnd.
- Viðhorfskönnun meðal foreldra – Fræðslu- og skólanefnd.
- Umsókn um Grænfána.

Deildarnámskrá Regnbogans 2015-2016

Regnboginn er eldri deild leikskólans. Þar dvelja að jafnaði 24 börn á aldrinum 3-6 ára. Á Regnboganum er lögð áhersla á góða líðan barna og góð og jákvæð samskipti við börn og foreldra. Starfsmenn meta hæfni, færni og þroska barna þegar þau flytjast á/ byrja á Regnboganum og byggja starf deildarinnar á því mati. Þannig er lögð áhersla á samfellu og framfarir í þroska og námi barnanna.

Aðlögun barna á Regnboganum fer fram í samráði við deildarstjóra og foreldra. Alla jafna eru börnin að flytjast milli deilda, af Dropanum og því kunnug starfi, börnum og starfsfólki deildarinnar. Þrátt fyrir það er barninu gefinn góður tíma í að aðlaga sig breytingunum og því leyft að ráða förlinni. Oftast verða skiptin yfir sumartímann eða að hausti en flutningur milli deilda getur einnig átt sér stað á öðrum tíma skólaársins. Barninu er smám saman boðið að taka þátt í fleiri atriðum á dagskipulagi þar til það er orðið öruggt á nýju deildinni.

Ef barn hefur leikskólagöngu á Regnboganum fer aðlögun fram þannig að smám saman er lengdur sá tími sem barnið dvelur án foreldra í leikskólanum og eru starfsmenn síðan vakandi fyrir því að gera það sem hægt er til að hjálpa barninu að verða öruggt í leikskólaumhverfinu. Sá ferill getur tekið langan tíma og mikilvægt að sýna barninu stuðning og skilning á meðan það er að aðlagast þeirri breytingu að byrja í nýjum leikskóla.

Áhersluþættir á Regnboganum

Á Regnboganum:

- Æfir barnið sig í að vera í leikskóla.
- Æfir barnið sig í að tilheyra stærri barnahópi.
- Á barnið í jákvæðum samskiptum við börn og fullorðna.
- Æfir barnið sig í að bíða og skiptast á við aðra.
- Fær barnið markvissa málörvun.
- Fær barnið tíma og rými til að leika sér, kannna, uppgötva og endurtaka.
- Æfir barnið sig í athöfnum daglegs lífs og er hvatt til sjálfshjálpar.
- Æfir barnið sig í að taka þátt í rannsóknarvinnu með aðferðum könnunaraðferðarinnar.
- Fær barnið þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum.

Á Regnboganum vinnum við frá því smáa, út frá því hvar barnið er stadd í þroska og hjálpum því áfram í þroskaferlinu. Áhersla er lögð á **félagsfærni** og **sjálfshjálp** og að barnið nái að tengja viðfangsefni og túlka út frá eigin reynslu. Leikurinn er í forgrunni og ýtt undir og stutt við hlutverkaleikinn. Samþætt og skapandi leikskólastarf er grunnur að þeirri hugmyndafræði sem unnið er með á deildinni. Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi og sköpun og menning.

Unnið er með gildin, **virðing, vellíðan, metnað og samvinnu** í öllu starfi í leikskólanum og geta starfsmenn ávallt spurt sig hvort starf þeirra eða viðbrögð samræmist uppeldissýn leikskólans.

Daglegt líf í leikskólanum tekur mið af þörfum barnahópsins hverju sinni. Leitast er við að skipuleggja umhverfi og athafnir þannig að allir geti tekið þátt í daglegu starfi. Dagskipulagið markast af athöfnum sem lúta að líkamlegum og andlegum þörfum barna og heilsu. Þau matast, þvo sér, hvíla sig og sofa á föstum tímum og hefur leikurinn mikið vægi í dagskipulaginu þess á milli. Leitast er við að hafa jafnvægi milli frjálsra og skipulagðra verkefna og leiks.

Athafnir daglegs lífs

Í gegnum athafnir daglegs lífs er unnið að uppeldis- og námsmarkmiðum leikskólans.

Að koma og fara:

Markmið:

- Að barnið kveðji foreldri sátt þegar það kemur í leikskólann.
- Að barnið sé öruggt með stað sinn í leikskólanum.
- Að barnið þekki dagskipulagið og átti sig á því hvenær leikskóladeginum lýkur.

Leiðir:

- Að starfsmaður gefi sig að foreldri og barni þegar barnið mætir að morgni.
- Að starfsmaður sé tilbúinn að taka barn í fangið þegar það mætir að morgni.
- Starfsmaður hrósar barni fyrir að vera duglegt að kveðja foreldri.
- Hvert barn á merkt fatahólf með nafni og mynd.
- Starfsmenn fara yfir með barninu hvernig dagurinn mun ganga fyrir sig.

Í fataherbergi

Markmið:

- Að barnið þekki hólf sitt og fatnað.
- Að barnið hjálpi til við að velja föt og klæða sig.
- Að barnið hjálpi til við að ganga frá fötum sínum þegar það kemur inn.
- Að barnið auki orðaforða sinn.
- Að barnið læri að hjálpa sér sjálf í fataklefanum.
- Að barnið geti beðið um aðstoð ef á þarf að halda.

Leiðir:

- Að merkja hólf barnsins með nafni og mynd.

- Að fá börn séu samtímis í fataherbergi.
- Ræða við barnið um veðurfar og viðeigandi klæðnað.
- Að hvetja börnin til sjálfshjálpar, fyrst það smáa s.s. húfur, sokkar, rennilásar o.þ.h.
- Hrósa barni fyrir að vera duglegt að hjálpa sér sjálft.
- Hvetja foreldra til að koma með þægileg föt sem auðvelt er að klæða sig í.
- Að setja nafn á það sem við erum að gera.
- Að hjálpa barninu að ganga frá fötum sínum.
- Ræða við barnið um góðan frágang og virðingu fyrir fötum og umhverfi.

Hreinlæti

Markmið:

- Að barnið læri almennar hreinlætisvenjur s.s. að þvo sér eftir salernisferðir, eftir útiveru, fara á klósett, þrifa sig eftir matartíma og þurrka sér.

Leiðir:

- Að halda reglulegri rútínu við salernisferðir.
- Að fá börn séu í einu inni á salerni.
- Að hvetja börnin til sjálfshjálpar á salerni.
- Gefa hverju og einu barni góðan tíma á klósetti.
- Ræða hreinlætisvenjur við börnin.
- Hvetja börnin til að prufa sjálf á klósettinu.
- Kenna börnum að fara vel með sápu, bara setja einn skammt í hvert skipti.
- Gangna fram með góðu fordæmi í hreinlæti.

Máltíðir

Markmið:

- Að barnið eigi gæðastund við matarborðið.
- Að barnið kynnist fjölbreyttum og hollum heimilismat.
- Að barnið læri almennar kurteisisvenjur og borðsiði.
- Að barnið noti gaffal og hníf við að matast.
- Að barnið fái tækifæri til að skammta sér sjálft á disk.
- Að barnið geti matast snyrtilega.
- Að þjálfa fínhyfingar.
- Að barnið fái tækifæri til að taka þátt í að undirbúa matmálstíma.

Leiðir:

- Að starfsmaður setjist við matarborðið svo fljótt sem auðið er eftir að börnin eru sest.
- Að starfsmaður spjalli við börnin við matarborðið eða lesi ef stund gefst til.
- Að starfsmaður gangi fram með góðu fordæmi við matarborðið.
- Að starfsmaður hjálpi barni að matast ef þarf, eða hvetji það til sjálfshjálpar.
- Hvetja barnið til að smakka allan mat.
- Hjálpa barninu að skammta sér skynsamlega á diskinn.
- Öll börn fá að vera þjónn dagsins eftir ákveðnu skipulagi. Þjónn leggur á borð og býður til borðs.
- Að hvetja börnin til að þakka fyrir matinn.
- Hjálpa barninu við að ganga frá eftir matinn.

Hvíld**Markmið:**

- Að tryggja barninu góða hvíld og slökun í leikskólanum.

Leiðir

- Eftir matartíma fara allir í hvíldarstund. Lesin er saga eða hlustað á ævintýri. Þeir sem þurfa fá að sofa. Svefntími er ákvarðaður í samráði við foreldra.
- Að í samverustundum sé tekinn tími til slökunar / rólegheita.
- Barnahópnum skipt upp í smærri einingar í samverustund.
- Starfsfólk skapar rólegt andrúmsloft í leikskólanum með beitingu raddar, slökunartónlist, lýsingu og yfirvegaðra vinnubragða.

Umgengni**Markmið:**

- Að barnið læri að bera virðingu fyrir umhverfi sínu.
- Að barnið læri að bera virðingu fyrir því sem leikskólinn á.

Leiðir:

- Að hvetja barnið til þátttöku í frágangi eftir leik, eftir aldri og þroska.
- Að starfsmenn gangi fram með góðu fordæmi varðandi umgengni í leikskólanum.
- Að ræða við barnið um mikilvægi þess að hugsa vel um það sem við eigum.
- Að gera barni grein fyrir því að aðgerðir þess hafa afleiðingar s.s. að taka mold frá trjám.

Skipulagðar stundir

Útivera

Markmið:

- Að efla alhliða þroska barnsins.
- Vinna að markvissri málörvun.
- Auka styrk, þol og úthald.
- Eiga gæðastund saman úti.
- Að kynnast nánasta umhverfi leikskólans.
- Vinna að umhverfis- og náttúrumennt og –vernd.
- Vinna með einkenni árstíðanna.

Leiðir:

- Leggja áherslu á frjálsan leik í útiveru.
- Fara reglulega út 1-2 á dag.
- Klæðast eftir veðri.
- Kynna barni orðaforða veðurs og útveru.
- Hvetja barnið til hreyfingar úti.
- Vera fyrirmynd í hreyfingu úti.
- Fara í styttri gönguferðir út fyrir skólalóðina.
- Eigna sér leynistað / uppáhaldsstað og skoða árstíðabreytingar.
- Hvetja barnið til samleiks við aðra úti.
- Framkvæma tilraunir með náttúru efnum.
- Skoða vel náttúru- og dýralíf á skólalóðinni og nánasta umhverfi.
- Fara í skipulagða hópleiki úti.

Hópastarf / samverustundir

Markmið:

- Að barnið fái tækifæri til að taka þátt í verkefnum í hóp.
- Að barnið geti setið og fylgst með lestri bóka sem hæfa þroska þess.
- Að vinna að markvissri málörvun.
- Að barnið læri félagslega leiki.
- Að barnið kynnist aðferðarfræði könnunaraðferðarinnar.
- Að barnið fái að taka þátt í skipulagningu verkefna.

- Eiga gæðastund saman.

Leiðir:

- Leggja áherslu á leikinn í hópastarfi / samverustund.
- Að skipta barnahópnum upp í smærri hópa.
- Vinna með talningu, form, liti, læsi og líkamshluta í samverustund í gegnum leiki, lestur, tónlist og sköpun.
- Lesa sögur og lengja stundirnar með auknum þroska barnanna.
- Kenna börnum að sitja kyrr, hlusta og passa hendur markvisst í lestrar- og samverustundum.
- Hafa sameiginlegar samverustundir með Dropanum.
- Að vinna á lýðræðislegan máta að skipulagningu verkefna, að allir fái tækifæri til að koma að skipulagi og tjá sig um verkefnin.

Leikurinn

Leikurinn er leið og markmið í leikskóla. Leikur er sjálfssprottin og börnum eðlislægur. Þau leika sér af fúsum og frjálsum vilja og á eigin forsendum.

Markmið:

- Að barnið fái tíma og rými til að leika sér.
- Að barnið fái tækifæri til að þróa leik sinn í hóp, auki félagsfærni og samleik.
- Auka hugmyndaflug barnsins með fjölbreyttum leik.
- Að barnið læri félagslega leiki.

Leiðir:

- Skipta barnahópnum upp í leikstundum.
- Hafa frjálstan leik í fyrirrúmi í daglegu starfi.
- Notaða opinn efnivið í leik s.s. einingakubba, könnunarleik, verðlausan efnivið.
- Hafa fjölbreyttan efnivið í boði á hverjum degi.
- Taka þátt í leik barnanna.
- Skrá leik barnanna.

Námssvið leikskóla

Sjálfbærni og vísindi

Leikskólinn er Grænfánaskóli og hefur sett sér markmið í starfi til að fá að flagga Grænfánanum. Unnið er með hugmyndafræði verkefnisins í öllu starfi leikskólans. Á Regnboganum eru endurvinnslukassar fyrir pappír, plast og ál. Börnin fá tækifæri til að aðstoða við flokkun í kassana og einnig er kassi í eldhúsi þar sem öllu endurvinnanlegu er safnað saman. Börnin læra hvaða efniviður tilheyrir hverjum flokki, velta fyrir sér hvað er hægt að endurnýta t.d. í föndur, nota í könnunarleik eða flokka í réttan flokk. Í allri verkefnavinnu er hugað að umhverfisþáttum og unnið með náttúrulegan og endurvinnanlegan / endurnýtanlegan efnivið. Unnið er með nánasta umhverfi leikskólans og leikskólalóðin nýtt til rannsókna og kannana.

Á Regnboganum er unnið með grunnformin, hring, ferning og þríhyrning t.d. með einingakubbum. Flóknari form s.s. ferhyrningar, sexhyrningar, keilur o.fl. bætist við eftir því sem við á í gegnum spil, leiki og numicon. Áhersla er lögð á talnarunur og -gildi, liti og litablöndun.

Markmið:

- Að barnið fái notið útiveru á hverjum degi.
- Að barnið læri að klæða sig eftir veðri.
- Að barnið læri að flokka endurvinnanlegan efnivið.
- Að barnið læri umhverfis- og náttúrvernd í daglegu starfi.
- Að barnið læri að þekkja leikskólalóðina og nánasta umhverfi leikskólans.
- Að barnið læri heiti árstíðanna og sérkenni þeirra.
- Að barnið læri að telja.
- Að barnið læri litina.

Leiðir:

- Fara út á hverjum degi.
- Að klæðast viðeigandi fatnaði í útiveru.
- Tala vel um veðurfar.
- Skoða fræðibækur um dýr og náttúru.
- Vekja áhuga barna á dýra- og plöntulífi í leikskólanum.
- Hvetja til náttúrufræðitilrauna með vatn, sand, vind og snjó í útiveru.
- Safna náttúrulegum efnivið til að nýta í skapandi starfi.
- Að syngja og lesa um form, tölur og liti.
- Flokka endurvinnanlegan efnivið.
- Nota numicon í leik og starfi.
- Nota fjölbreyttar leiðir til skráninga og upplýsingamiðlunar.

Læsi og samskipti

Samskipti eru stór hluti af lífi okkar allra. Í gegnum jákvæð og uppbyggjandi samskipti eykst félagsfærni barna og sjálfsmýnd þeirra styrkist. Læsi í víðum skilningi er mikilvægur þáttur samskipta. Læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt. Á Regnboganum er leikur barna í fyrirrúmi og gefast þar ótalmörg tækifæri til félagslegra samskipta. Starfsfólk grípur tækifærið hverju sinni til að hrósa fyrir jákvæð og uppbyggjandi samskipti og leiðbeina börnum eftir því sem við á. Í gegnum könnunaraðferðina er unnið að leikskólalæsi þar sem lestur, hlustun, ritun og samræður eiga sér stað um vandaðan texta. Unnið er áfram með efnivið bóka og ýmsar rannsóknir gerðar sem börnin hafa áhuga á að framkvæma. Ýtt er undir tilraunir barna til lesturs og ritunar og fjölbreyttur efniviður er í boði til að vinna með.

Markmið:

- Að allir fái málumhverfi við hæfi.
- Að barnið læri kurteisi og umburðarlyndi.
- Að barnið fái tækifæri til að tjá hugsanir sínar, tilfinningar, skoðanir og fyrirætlanir.
- Að efla markvisst hljóðkerfisvitund barnsins.
- Efla markvisst málskilning, málnotkun, orðaforða og hugtakaskilning.
- Að barnið læri að nota tungumálið til að leysa ágreining.
- Að barnið upplifi sig sem hluta af stærri heild.

Leiðir:

- Nota tákni með tali í daglegu starfi eftir því sem við á.
- Ganga fram með góðu fordæmi í samskiptum við börn og fullorðna.
- Hjálpa barninu við að koma orðum á tilfinningar sínar, skoðanir og fyrirætlanir.
- Nota markvissa málörvun í öllu starfi.
- Sýna jákvæðri hegðun athygli og styrkja hana.
- Vinna verkefni með aðferðum könnunaraðferðarinnar.
- Styttri og lengri ferðir frá leikskólanum.
- Skólaheimsóknir elstu barnanna.
- Vinna með ritun og lestur með því að hvetja börnin til að teikna, gera tilraunir með ritun og lestur.
- Gera ritmál sýnilegt í umhverfinu.
- Vinna í smærri hópum og gefa hverju barni tíma og rými til að tjá sig.
- Lesa gæðatexta.

Heilbrigði og vellíðan

Í leikskóla eiga öll börn að læra um og tileinka sér heilbrigða lífshætti, hollt mataræði, hvíld, hreinlæti og hreyfingu. Hreyfing er börnum eðlislæg og stuðlar að vellíðan. Daglegar athafnir í leikskóla eiga að stuðla að líkamlegri og andlegri vellíðan barna og góðri heilsu. Umhyggja á að skipa stóran sess í starfi leikskóla og mikilvægt er að starfsfólk leikskóla myndi góð og nán tengsl við börnin. Á Regnboganum er unnið með hollustu og heilbrigði í gegnum athafnir daglegs lífs, í leik og í skipulögðum stundum.

Markmið:

- Að barnið fái tækifæri til að efla gróf- og fínhyfingar.
- Að barnið fái útrás fyrir hreyfipörf sína, auki þol, einbeitingu og styrk.
- Að jafnvægi sé milli hreyfingar og hvíldar / slökunar.
- Að barnið fái notið jákvæðra samskipta við börn og fullorðna.
- Að barnið fái hollan og góðan heimilismat.
- Að barnið geri sér grein fyrir tengslum mataræðis, hreyfingar, heilbrigðis og vellíðunar.
- Að barnið læri að sinna persónulegri umhirðu og hreinlæti.

Leiðir:

- Að leika á gólfinu.
- Að fara í skipulagðar hreyfistundir.
- Að fara reglulega út.
- Að vinna með jóga í leikskólastarfinu.
- Skapa rólegt andrúmsloft í leikskólanum.
- Að tryggja hvíldartíma á hverjum degi.
- Markviss umræða um hollustu og heilbrigði í matartímum.
- Skipulegar ferðir á klósett til að þvo hendur undir leiðsögn starfsmanns.
- Að sýna barninu skilning, umhyggju og vera til staðar.
- Veita barni stuðning þurfi það á því að halda.
- Tryggja góða aðlögun barna í leikskólann.
- Starfsmenn ganga fram með góðu fordæmi um hreinlæti.

Sköpun og menning

Sköpun er mikilvægur þáttur í námi og þroska barna. Skapandi starf á fyrst og fremst að beinast að ferlinu sjálfu, gleðinni, tjáningunni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fá að njóta sín. Menning er samofin öllu starfi leikskóla og tengist leik barna, lýðræði, skapandi starfi og þjóðmenningu. Á Regnboganum hafa börn gott aðgengi að efnivið til sköpunar og fá góðan tíma og rými til að vinna. Í öllu starfi er tekið tillit til hugmynda barnahópsins um útfærslur verkefna og framsetningu á niðurstöðum. Horft er á ferlið fremur en útkomuna og rætt við börnin um hvað þau læra í sköpunarferlinu.

Börnin fá að taka þátt í að undirbúa ýmsa viðburði er tengjast hefðum í íslensku samfélagi.

Markmið:

- Efla frumkvæði barna í sköpun og leggja áherslu á ferlið.
- Að barnið fái útrás fyrir sköpunar- og rannsóknarþörf sína.
- Efla samhæfingu handa og augna.
- Efla sjálfstraust barnsins.
- Þroska næmi fyrir hljóðum, hreyfingu og hrynjanda.
- Að barnið fái tækifæri til að kynna ólíkum efnivið.
- Að barnið fái að vinna með opinn efnivið.
- Að barnið kynnist nánasta umhverfi sínu og sé öruggt.
- Að barnið kynnist hinum ýmsu hátíðum, venjum og hefðum í íslensku og erlendu þjóðlífi eftir því sem við á.

Leiðir:

- Nota fjölbreyttan efnivið til myndsköpunar, nýta náttúrulegan og endurvinnanlegan efnivið í sköpun.
- Hvetja til sköpunar inni og úti.
- Skrá sköpunarferlið.
- Fagna sjálfstæði barnanna í sköpun og hvetja til óhefðbundinna aðferða.
- Leggja áherslu á söng og tónlist í daglegu starfi.
- Fara í styttri og lengri ferðir frá leikskólanum.
- Leyfa börnum að taka þátt í undirbúningi hátíða s.s. jóla og páska og skapa sérstakar hefðir í leikskólanum.
- Lesa fjölbreyttar bækur fyrir börnin, kynna fyrir þeim þjóðsögur, ævintýri, vísur og þulur.
- Setja upp sýningar á verkum barnanna og sköpunarferlinu í samvinnu við börnin.
- Fá til okkar listamenn til að kynna ólík listform fyrir börnunum.
- Gera fjölmenningu skil í leikskólanum eftir því sem við á hverju sinni s.s. fánar, landakort, matarvenjur og sérkenni þeirra þjóða sem börnin eru frá.

Matstæki

Deildarnámskrár leikskólans eru metnar með eftirfarandi matstækjum:

- Mat starfsmanna
- Matslisti – mat á vinnubrögðum til að ýta undir tilfinninga- og félagsþroska ungra barna
- Gátlistar um sjálfsmynd og félagsfærni barna í leikskólum.
- Viðtöl við foreldra
- Foreldrakannanir
- Starfsmannakannanir

Deildarnámskrá Dropans 2015-2016

Dropinn er yngri deild leikskólans. Þar dvelja að jafnaði 16 börn á aldrinum 1-3ja ára. Á Dropanum er lögð áhersla á gott og jákvætt upphaf leikskólagöngu fyrir barn og foreldra þeirra. Mikilvægt er að gefa barni góðan tíma til að ná styrkum tengslum við starfsmann / starfsmenn deildarinnar.

Aðlögun barna fer fram í samráði við deildarstjóra og foreldra. Alla jafna er gert ráð fyrir því að aðlögun taki nokkrar vikur. Í fyrstu viku lengist sá tími sem barnið er eitt í leikskólanum smám saman. Næstu vikur eru starfsmenn og foreldrar vakandi fyrir því að gera það sem hægt er til að hjálpa barninu að verða öruggt í leikskólaumhverfinu. Sá ferill getur tekið langan tíma og mikilvægt að sýna barninu stuðning og skilning á meðan það er að aðlagast þeirri breytingu að byrja í leikskóla.

Áhersluþættir á Dropanum

Á Dropanum:

- Æfir barnið sig í að vera í leikskóla.
- Æfir barnið sig í að tilheyra stærri barnahópi.
- Á barnið í jákvæðum samskiptum við börn og fullorðna.
- Æfir barnið sig í að bíða og skiptast á við aðra.
- Fær barnið markvissa málörvun.
- Fær barnið markvissa hreyfiþjálfun.
- Fær barnið tíma og rými til að leika sér, kanna, uppgötva og endurtaka.

Á Dropanum vinnum við út frá því smáa, út frá barninu sjálfu og hjálpum því að læra á umhverfi sitt í leikskólanum. Unnið er með þemað, **ég sjálfur**, í gegnum leik, tónlist, hreyfingu, sköpun, málörvun, samveru og athafnir daglegs lífs.

Unnið er með gildin, **virðing, vellíðan, metnað og samvinnu** í öllu starfi í leikskólanum og geta starfsmenn ávallt spurt sig hvort starf þeirra eða viðbrögð samræmist uppeldissýn leikskólans.

Daglegt líf í leikskólanum tekur mið af þörfum barnahópsins hverju sinni. Leitast er við að skipuleggja umhverfi og athafnir þannig að allir geti tekið þátt í daglegu starfi. Dagskipulagið markast af athöfnum sem lúta að líkamlegum og andlegum þörfum barna og heilsu. Þau matast, þvo sér, hvíla sig og sofa á föstum tímum og hefur leikurinn mikið vægi í dagskipulaginu þess á milli. Leitast er við að hafa jafnvægi milli frjálsra og skipulagðra verkefna og leiks.

Athafnir daglegs lífs

Í gegnum athafnir daglegs lífs er unnið að uppeldis- og námsmarkmiðum leikskólans.

Að koma og fara:

Markmið:

- Að barnið kveðji foreldri sátt þegar það kemur í leikskólann.
- Að barnið sé öruggt með stað sinn í leikskólanum.
- Að barnið þekki dagskipulagið og átti sig á því hvenær leikskóladeginum lýkur.

Leiðir:

- Að starfsmaður gefi sig að foreldri og barni þegar barnið mætir að morgni.
- Að starfsmaður sé tilbúinn að taka barn í fangið þegar það mætir að morgni.
- Starfsmaður hrósar barni fyrir að vera duglegt að kveðja foreldri.
- Hvert barn á merkt fatahólf með nafni, merki og mynd.
- Starfsmenn fara yfir með barninu hvernig dagurinn mun ganga fyrir sig.

Í fataherbergi

Markmið:

- Að barnið þekki hólf sitt og fatnað.
- Að barnið hjálpi til við að velja föt og klæða sig.
- Að barnið hjálpi til við að ganga frá fötum sínum þegar það kemur inn.
- Að barnið auki orðaforða sinn.

Leiðir:

- Að merkja hólf barnsins með nafni, merki og mynd.
- Að fá börn séu samtímis í fataherbergi.
- Ræða við barnið um veðurfar og viðeigandi klæðnað.
- Að hvetja börnin til sjálfshjálpar, fyrst það smáa s.s. húfur, sokkar, rennilásar o.þ.h.
- Hvetja foreldra til að koma með þægileg föt sem auðvelt er að klæða sig í.
- Að setja nafn á það sem við erum að gera.
- Að hjálpa barninu að ganga frá fötum sínum.

Hreinlæti

Markmið:

- Að barnið læri almennar hreinlætisvenjur s.s. að þvo sér eftir salernisferðir, eftir útiveru, fara á klósett, þrifa sig eftir matartíma og þurrka sér.

Leiðir:

- Að halda reglulegri rútínu við salernisferðir.
- Að fá börn séu í einu inni á salerni.
- Að hvetja börnin til sjálfshjálpar á salerni.
- Gefa hverju og einu barni góðan tíma á klósetti eða skiptiborði.
- Ræða hreinlætisvenjur við börnin.
- Hvetja börnin til að prufa sjálf á klósettinu.
- Hvetja börn til að nota stiga upp á skiptiborð.
- Gangna fram með góðu fordæmi í hreinlæti.

Máltíðir

Markmið:

- Að barnið eigi gæðastund við matarborðið.
- Að barnið kynnist fjölbreyttum og hollum heimilismat.
- Að barnið læri almennar kurteisisvenjur og borðsiði.
- Að barnið noti gaffal við að matast.
- Að barnið geti matast snyrtilega.
- Að þjálfa fínhyfingar.

Leiðir:

- Að starfsmaður setjist við matarborðið svo fljótt sem auðið er eftir að börnin eru sest.
- Að starfsmaður spjalli við börnin við matarborðið eða lesi ef stund gefst til.
- Að starfsmaður gangi fram með góðu fordæmi við matarborðið.
- Að starfsmaður hjálpi barni að matast ef þarf, eða hvetji það til sjálfshjálpar.
- Hvetja barnið til að smakka allan mat.
- Að hvetja börnin til að þakka fyrir matinn.

Hvíld

Markmið:

- Að tryggja barninu góða hvíld og slökun í leikskólanum.

Leiðir

- Eftir matartíma fara allir í hvíldarstund. Lesin er saga eða hlustað á ævintýri. Þeir sem þurfa fá að sofa, inni eða úti í vagni. Svefntími er ákvarðaður í samráði við foreldra.
- Að í samverustundum sé tekinn tími til slökunar / rólegheita.
- Starfsfólk skapar rólegt andrúmsloft í leikskólanum með beitingu raddar, slökunartónlist, lýsingu og yfirvegaðra vinnubragða.

Umgengni

Markmið:

- Að barnið læri að bera virðingu fyrir umhverfi sínu.
- Að barnið læri að bera virðingu fyrir því sem leikskólinn á.

Leiðir:

- Að hvetja barnið til þátttöku í frágangi eftir leik, eftir aldri og þroska.
- Að starfsmenn gangi fram með góðu fordæmi varðandi umgengni í leikskólanum.
- Að ræða við barnið um mikilvægi þess að hugsa vel um það sem við eigum.

Skipulagðar stundir

Útivera

Markmið:

- Að efla alhliða þroska barnsins.
- Vinna að markvissri málörvun.
- Auka styrk og þol.
- Eiga gæðastund saman úti.
- Að kynna nánasta umhverfi leikskólans.
- Vinna að umhverfis- og náttúrumennt og -vernd

Leiðir:

- Leggja áherslu á frjálsan leik í útiveru.
- Fara reglulega út 1-2 á dag.
- Klæðast eftir veðri.
- Kynna barni orðaforða veðurs og útveru.
- Hvetja barnið til hreyfingar úti.
- Fara í styttri gönguferðir út fyrir skólalóðina.
- Hvetja barnið til samleiks við aðra úti.
- Framkvæma tilraunir með náttúruæfnum.
- Skoða vel náttúru- og dýralíf á skólalóðinni og nánasta umhverfi.

Hópastarf / samverustundir**Markmið:**

- Að barnið fái tækifæri til að taka þátt í verkefnum í hóp.
- Að barnið geti setið og fylgst með lestri bóka sem hæfa þroska þess.
- Að vinna að markvissri málörvun.
- Að barnið læri einfalda leiki.
- Eiga gæðastund saman.

Leiðir:

- Leggja áherslu á leikinn í hópastarfi / samverustund.
- Að skipta barnahópnum upp í smærri hópa.
- Vinna með talningu, form, liti og líkamshluta í samverustund í gegnum leiki, lestur, tónlist og sköpun.
- Lesa stuttar sögur og lengja stundirnar með auknum þroska barnanna.
- Kenna börnum að sitja kyrr, hlusta og passa hendur markvisst í lestrar- og samverustundum.
- Hafa sameiginlegar samverustundir með Regnboganum.

Leikurinn

Leikurinn er leið og markmið í leikskóla. Leikur er sjálfssprottin og börnum eðlislægur. Þau leika sér af fúsum og frjálsum vilja og á eigin forsendum.

Markmið:

- Að barnið fái tíma og rými til að leika sér.
- Að barnið fái tækifæri til að þróa leik sinn í hóp, auki félagsfærni og samleik.

- Auka hugmyndaflug barnsins með fjölbreyttum leik.

Leiðir:

- Skipta barnahópnum upp í leikstundum.
- Hafa frjálsan leik í fyrirrúmi í daglegu starfi.
- Notaða opinn efnivið í leik. (könnunarleikurinn)
- Hafa fjölbreyttan efnivið í boði á hverjum degi.
- Taka þátt í leik barnanna.
- Skrá leik barnanna.

Námssvið leikskóla

Sjálfbærni og vísindi

Leikskólinn er Grænfánaskóli og hefur sett sér markmið í starfi til að fá að flagga Grænfánanum. Unnið er með hugmyndafræði verkefnisins í öllu starfi leikskólans. Á Dropanum eru endurvinnslukassar fyrir pappír og plast sem börnin læra að umgangast á deildinni. Þau skoða kassana og fá að leika með efniviðinn í honum ef þau sýna því áhuga. Eftir því sem þau eldast fá þau að taka þátt í að aðstoða við flokkun. Í allri verkefnavinnu er hugað að umhverfisþáttum og unnið með náttúrulegan og endurvinnanlegan / endurnýtanlegan efnivið. Unnið er með nánasta umhverfi leikskólans og leikskólalóðin nýtt til rannsókna og kannana.

Á Dropanum er unnið með grunnformin, hring, ferning og þríhyrning t.d. með einingakubbum. Áhersla er lögð á talnarunur og liti.

Markmið:

- Að barnið fái notið útiveru á hverjum degi.
- Að barnið læri að þekkja leikskólalóðina og nánasta umhverfi leikskólans.
- Að barnið læri heiti árstíðanna og sérkenni þeirra.

Leiðir:

- Fara út á hverjum degi.
- Að klæðast viðeigandi fatnaði í útiveru.
- Tala vel um veðurfar.
- Skoða fræðibækur um dýr og náttúru.
- Vekja áhuga barna á dýra- og plöntulífi í leikskólanum.
- Hvetja til náttúrufræðitilrauna með vatn, sand, vind og snjó í útiveru.
- Safna náttúrulegum efnivið til að nýta í skapandi starfi.
- Að syngja og lesa um form, tölur og liti.

Læsi og samskipti

Samskipti eru stór hluti af lífi okkar allra. Í gegnum jákvæð og uppbyggjandi samskipti eykst félagsfærni barna og sjálfsmýnd þeirra styrkist. Læsi í víðum skilningi er mikilvægur þáttur samskipta. Læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt.

Markmið:

- Að allir fái málumhverfi við hæfi.
- Að barnið læri kurteisi og umburðarlyndi.
- Að barnið fái tækifæri til að tjá hugsanir sínar, tilfinningar, skoðanir og fyrirætlanir.
- Að efla markvisst hljóðkerfisvitund barnsins.
- Efla markvisst málskilning, málnotkun, orðaforða og hugtakaskilning.
- Að barnið læri að nota tungumálið til að leysa ágreining.

Leiðir:

- Nota tákni með tali í daglegu starfi, sérstaklega í samverustundum.
- Ganga fram með góðu fordæmi í samskiptum við börn og fullorðna.
- Hjálpa barninu við að koma orðum á tilfinningar sínar, skoðanir og fyrirætlanir.
- Nota markvissa málörvun í öllu starfi.
- Sýna jákvæðri hegðun athygli og styrkja hana.

Heilbrigði og vellíðan

Í leikskóla eiga öll börn að læra um og tileinka sér heilbrigða lífshætti, hollt mataræði, hvíld, hreinlæti og hreyfingu. Hreyfing er börnum eðlislæg og stuðlar að vellíðan. Daglegar athafnir í leikskóla eiga að stuðla að líkamlegri og andlegri vellíðan barna og góðri heilsu. Umhyggja á að skipa stóran sess í starfi leikskóla og mikilvægt er að starfsfólk leikskóla myndi góð og náin tengsl við börnin.

Markmið:

- Að barnið fái tækifæri til að efla gróf- og fínhyfingar.
- Að barnið fái útrás fyrir hreyfipörf sína, auki þol, einbeitingu og styrk.
- Að jafnvægi sé milli hreyfingar og hvíldar / slökunar.
- Að barnið fái notið jákvæðra samskipta við börn og fullorðna.
- Að barnið fái hollan og góðan heimilismat.

Leiðir:

- Að leika á gólfinu.
- Að fara í skipulagðar hreyfistundir.
- Að fara reglulega út.
- Að vinna með jóga í leikskólastarfinu.
- Skapa rólegt andrúmsloft í leikskólanum.
- Að tryggja hvíldartíma á hverjum degi.
- Að sýna barninu skilning, umhyggju og vera til staðar.
- Veita barni stuðning þurfi það á því að halda.
- Tryggja góða aðlögun barna í leikskólann.

Sköpun og menning

Sköpun er mikilvægur þáttur í námi og þroska barna. Skapandi starf á fyrst og fremst að beinast að ferlinu sjálfu, gleðinni, tjáningunni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fá að njóta sín. Menning er samofin öllu starfi leikskóla og tengist leik barna, lýðræði, skapandi starfi og þjóðmenningu.

Markmið:

- Efla frumkvæði barna í sköpun og leggja áherslu á ferlið.
- Að barnið fái útrás fyrir sköpunar- og rannsóknarþörf sína.
- Efla samhæfingu handa og augna.
- Efla sjálfstraust barnsins.
- Þroska næmi fyrir hljóðum, hreyfingu og hrynjanda.
- Að barnið fái tækifæri til að kynnst ólíkum efnivið.
- Að barnið fái að vinna með opinn efnivið.
- Að barnið kynnist nánasta umhverfi sínu og sé öruggt.
- Að barnið kynnist hinum ýmsu hátíðum og hefðum í íslensku þjóðlífi.

Leiðir:

- Nota fjölbreyttan efnivið til myndsköpunar, nýta náttúrulegan og endurvinnanlegan efnivið í sköpun.
- Hvetja til sköpunar inni og úti.
- Skrá sköpunarferlið.
- Leggja áherslu á söng og tónlist í daglegu starfi.
- Fara í vettvangsferðir í kringum leikskólann.
- Leyfa börnum að taka þátt í undirbúningi hátíða s.s. jóla og páska.

Matstæki

Deildarnámskrár leikskólans eru metnar með eftirfarandi matstækjum:

- Mat starfsmanna
- Matslisti – mat á vinnubrögðum til að ýta undir tilfinninga- og félagsþroska ungra barna
- Gátlistar um sjálfsmynd og félagsfærni barna í leikskólum.
- Viðtöl við foreldra
- Foreldrakannanir
- Starfsmannakannanir